
Könnun um þörf á rittúlkun

Umfjöllun um mikilvægi rittúlkunar, menntunar rittúlka og
niðurstöður úr könnun um þörf á rittúlkun



Inngangur

Skerðing á heyrn er mun algengari en fólk almennt gerir sér grein fyrir, vandamálið er alvarlegt og gæta verður þess að þeir sem eru heyrnarskertir upplifi ekki mismunun í samfélaginu.

Heyrnarskerðing getur verið allt frá vægri heyrnarskerðingu upp í algjört heyrnarleysi, einnig eru þeir sem hafa eyrnasuð (e. Tinnitus) eða eru með völundarsvima (e. Ménière's) oftast heyrnarskertir. Ætla má að um 15-20% fólks á Vesturlöndum séu með skerta heyrn og um 5% þeirra hafi það mikla heyrnarskerðingu að heyrnartækja sé þörf. Einn þriðji þeirra sem komnir eru yfir 65 ára aldur eru með einhverja heyrnarskerðingu. Talið er að um 40.-50.000 Íslendingar búi við heyrnarskerðingu af einhverju tagi sem verður að teljast mjög stór hópur.¹

Heyrnarskertir eiga erfitt með að heyra lág hljóð og einnig á fjölmönnum stöðum þar sem umhverfishljóð eru mikil. Þeir sem eru heyrnarskertir eiga oft í erfiðleikum með að greina talað mál og þar af leiðandi geta samskipti við aðra orðið erfið. Heyrnarskerðing getur haft þær afleiðingar að sá heyrnarskerti fer að forðast aðstæður þar sem hann á erfitt með að heyra og það getur leitt til félagslegrar einangrunar og minni lífsgæða. Heyrnarskertir eiga að hafa sömu tækifæri og aðrir til félagslegra athafna, afþreyingar og daglegs lífs þrátt fyrir heyrnarskerðingu sína.²

¹ World Health Organization. (2014). Deafness and Hearing loss. <http://www.who.int/mediacentre/factsheets/fs300/en/> og National Institute on Deafness and Other Communication Disorder. (e.d.) Quick Statistics. <http://www.nidcd.nih.gov/health/statistics/pages/quick.aspx>

² Samningur sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. 5.gr./2007.

Af hverju er rittúlkun nauðsynleg?

Rittúlkun fer þannig fram að rittúlkurinn situr við hlið þess sem þarf á rittúlkun að halda og vélritar allt sem fram fer á tölvu. Bæði skrifar hann allt sem sagt er, reynir að lýsa blæbrigðum í rödd þess sem talar og greinir einnig frá öðrum umhverfishljóðum. Ef það eru fleiri en einn einstaklingur sem þurfa á rittúlkun að halda eins og á stórum fundum eða ráðstefnum þá er rittúlkuninni varpað á tjald í salnum. Rittúlkurinn þarf að hafa mikinn innsláttarhraða vegna þess að túlkunin fer fram í rauntíma, innsláttarhraðinn þarf að vera um 300-500 slög á mínútu.

Rittúlkar þurfa að fylgja ákveðnum siðareglum í starfi sínu líkt og aðrar starfsstéttir. Þessar siðareglur eru þær að rittúlkarnir túlka allt sem sagt er, túlkurinn skal ávallt vera algerlega hlutlaus og tekur ekki þátt í umræðum. Þar af leiðandi á hann hvorki að koma með ráðleggingar eða athugasemdir frá eigin brjósti. Allt það sem er túlkað er trúnaðarmál og textinn er ekki vistaður né prentaður út.

Sífelld verður algengara að nota skjái til þess að rittúlka það sem fram fer og einnig er að færast í aukana að leikrit og aðrir menningarlegir viðburðir séu rittúlkaðir. DNS er stærsta leikhúsið í Bergen í Noregi og það er fyrsta leikhúsið sem býður uppá rittúlkun á leiksýningum. Þeir sem eru heyrnarskertir fá lítið box við komuna í leikhúsið og síðan er allt rittúlkað sem fram fer á sviðinu og viðkomandi les það í boxinu.

Margir þeirra sem eru heyrnarskertir nota heyrnartæki en þó alls ekki allir. Þeir sem nota heyrnartæki eru þó ekki lausir við vandamálið, þeir heyra betur en heyra alls ekki allt og missa oft samhengið í umræðunum.

Þeir sem tilheyra Döff samfélaginu og alast upp við táknmál nota það sem sitt móðurmál. Þeir sem verða heyrnarskertir síðar á ævinni og hafa íslensku sem móðurmál þurfa rittúlkun. Miklu meiri áhersla hefur verið á táknmálstúlkun hérlandis og í Háskóla Íslands er í boði táknmálstúlkanám en ekki rittúlkanám.

Rittúlkun er heyrnarskertum jafnmikilvæg og táknmálstúlkun er heyrnarlausum. Mun meira er um táknmálstúlkun í samfélaginu í dag heldur en rittúlkun, fleiri táknmálstúlkar eru starfandi en rittúlkar og aðgengi að táknmálstúlkun er mun auðveldara en að rittúlkun. Þegar táknmál var samþykkt sem móðurmál heyrnarlausra þá varð allt aðgengi að táknmálstúlkun mun auðveldara. Rittúlkun og táknmálstúlkun eru jafngildar og æskilegt væri að rétturinn til notkunar á túlkapjónustu væri óháður því hvort um er að ræða rittúlkun eða táknmálstúlkun, en að valið færi eftir því sem best hentaði hverju sinni. Rittúlkun er hinsvegar nánast óþekkt meðal almennings sem er þveröfugt við það sem þekktist á Norðurlöndunum og öðrum löndum sem við berum okkur saman við. Heyrnarhjálp hefur undanfarin ár barist fyrir því að rittúlkun verði viðurkennd til jafns á við táknmálstúlkun og telur jafnframt að rittúlkun nýtist fleirum heldur en heyrnarskertum.

Allstaðar á Norðurlöndunum nema á Íslandi og í Færeyjum er rétturinn til rittúlkunar skýr og bundinn í lögum. Ef þú ert heyrnarskertur þá áttu rétt á rittúlkun. Lítilsháttar munur er á milli landa hverskonar lög innihalda ákvæði um rétt til rittúlkunar. Í Svíþjóð er rétturinn til rittúlkunar tryggður í heilbrigðis- og hjúkrunarlögum, stjórnsýslulögum og lögum um bann við mismunum. Í Noregi tryggja almannatryggingar rittúlkun og þar er ótakmarkaður réttur til nýtingu rittúlkunar. Í Finnlandi eru lög um fatlaða sem tryggja réttinn til rittúlkunar og hið opinbera ber ábyrgð á þjónustunni. Í Danmörku á heyrnarskertur einstaklingur rétt

á rittúlkun við félagslegar athafnir, menntun og vinnu en sá sem veitir þjónustuna ber skylda til að útvega rittúlk.

Ísland er töluvert eftir á hvað þetta varðar en hér eru engin lög sem tryggja rétt heyrnarskertra til rittúlkunar í félagslegum athöfnum eða á vinnustað. Heyrnarskertir hérlandis hafa því ekki kost á rittúlkun í daglegu starfi, á vinnumarkaði eða í félagslegum athöfnum. Hið opinbera greiðir einungis fyrir rittúlkun í menntakerfinu, dómskerfinu og heilbrigðiskerfinu, en alla aðra rittúlkun þurfa viðskiptavinir sjálfir að greiða fyrir.

Rittúlkun er mikilvæg fyrir þá sem eiga erfitt með að heyra það sem fram fer í kringum þá í daglegu lífi. Sem dæmi má nefna á ráðstefnum eða fundum, í skólanum, vinnunni eða á námskeiðum, á sjúkrahúsum og hjá læknum og í samskiptum við lögreglu, lögfræðinga og í dómssal. Til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun og útilokun heyrnarskertra þá er einnig mjög mikilvægt að rittúlkun sé einnig í boði í félagsstörfum og menningarlegum viðburðum.

Menntun rittúlka

Líkt og komið hefur fram verða rittúlkar að uppfylla ákveðnar hæfniskröfur til þess að geta starfað sem slíkir. Starf rittúlka er fjölbreytt starf sérstaklega vegna þess að rittúlkun fer fram við mjög ólíkar kringumstæður og að ólíkum tilefnum. Sú þekking sem rittúlkurinn verður að hafa er góð tungumálakunnátta, góður orðaforði og lesskilningur en einnig þarf hann að hafa ákveðinn innsláttarhraða þar sem hann þarf að skrifa á sama hraða og þeir sem eru að tala. Mjög mikilvægt er að hægt sé að mennta og þjálfra rittúlka sérstaklega, bæði til þess að bæta hæfni þeirra og fjölga rittúlkum.

Í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finnlandi er boðið uppá sérstakt nám í rittúlkun og því eru það einungis Ísland og Færeyjar þar sem ekkert formlegt rittúlkanám er í boði. Aðgengi að rittúlkum er einnig mjög misjafnt milli landa, en í rauninni er vöntun á rittúlkum allstaðar á Norðurlöndunum. Hér að neðan verður farið ítarlega yfir stöðu hvað varðar menntun og þjálfun rittúlka í hverju Norðurlandi fyrir sig.

Svíþjóð

Túlkanámi í Svíþjóð er háttað þannig að Táknmálstúlkanám er 2 ára Háskólanám og er í boði í Stokkhólmsháskóla. Rittúlkanám er 50 vikna nám í Lýðháskóla og þar af er 6 vikna starfsþjálfun. Hagsmunasamtök heyrnarskertra í Svíþjóð eru að þrýsta á breytingar og vonast til þess að á næstu árum muni rittúlkanámið einnig verða á háskólastigi.

Í Södertöns lýðháskólanum í Stokkhólmi er boðið uppá árlegt nám í rittúlkun. Það sem nemendur læra og þjálfar upp í náminu er meðal annars að slá með ákveðnum innsláttarhraða á lyklaborð ásamt því að læra hvernig á að hafa samskipti við fólk sem er heyrnarskert eða heyrnarlaust. Nemendur læra einnig á allan tækjabúnað og tækni sem tengist því að rittúlka. Sem hluti af náminu fara nemendur í 6 vikna starfsþjálfun og vinna þá við rittúlkun. Námið samsvarar fullu námi í eitt skólaár. Til þess að fá inngöngu í námið verður fólk að taka próf í sænsku og vélritun og fara í viðtal.³

Noregur

Í Noregi hefur menntun rittúlka farið fram í háskólum eða í öðrum skólum með nám á háskólastigi. Námið hefur hingað til farið fram sem afmarkaður hluti af táknmálstúlkánámi. Hagsmunasamtök heyrnarskertra í Noregi hefa barist fyrir því að þetta verði aðskilið nám og hafa haft erindi sem erfiði því haustið 2014 hefst sjálfstætt rittúlkanám á háskólastigi við Háskólann í Bergen.

Námið er hálft nám í eitt skólaár og er lögð mikil áhersla á að þjálfar nemendur upp í rittúlkun. Ekki eru rukkuð skólagjöld af nemendum í náminu þar sem verkefnið er styrkt af Atvinnu og Félagsmálaráðuneytinu. Almennar inntökukröfur eru í námið en nemendur þurfa að uppfylla ákveðin innsláttarhraða.⁴

³ Södertöns folkhögskola. (e.d). Skrivtolk. Sótt þann 12. maí 2014 af:

<http://sodertornsfolkhogskola.se/skrivtolk/>

⁴ Hogskolan i Bergen. (2014). Skrivetolk. Sótt þann 13. maí 2014 af:

<http://www.hib.no/studier/studie.asp?studieID=O30STOLK>

Finnland

Nám í rittúlkun í Finnlandi er árslangt nám og fer fram á framhaldsskólastigi og í svokölluðum starfsgreinaháskólum. Á sænskumælandi svæðum er rittúlkun kennd á sænsku og á finnskumælandi svæðum er hún kennd á finnsku. Allir sem ljúka námi í rittúlkun og standast sérstakt hæfnispróf geta starfað sem rittúlkar.

Danmörk

Í Danmörku þá fer nám í rittúlkun ekki fram við framhaldsskóla eða háskóla líkt og í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Landssamband heyrnarskertra hefur séð um að mennta rittúlka á viðeigandi hátt, en menntunin er ekki mjög formleg og ekki er skilgreind ákveðin lengd á náminu. Aftur á móti er unnið að því að tengja rittúlkánámið inn í nám í táknmálstúlkun og upphafið af því var vorið 2012 þegar táknmálstúlkar sóttu stutt námskeið í rittúlkun. Um 30 rittúlkar hafa setið rittúlka námskeið á vegum landssambands heyrnarskertra en einnig eru um 10 rittúlkar starfandi sem hlotið hafa aðra menntun á sviði túlkunar. Uppi eru áform um að hafa nám í rittúlkun sem hluta af námi í táknmálstúlkun.

Ísland

Hér á Íslandi höfum við enga menntun fyrir rittúlka og engin lög eða reglur sem tilgreina hvernig slík menntun og þjálfun eigi að vera. Mjög fáir starfa við rittúlkun hérlandis enda er engin menntaleið til staðar. Þrjár til fjórar konur hafa undanfarin ár starfað að hluta til við rittúlkun, þar á meðal í Háskóla Íslands og á ýmsum fundum og ráðstefnum. Heyrnarhjálp hefur barist fyrir því að menntun rittúlka fari fram á háskólastigi og hefur starfað í nefnd á vegum Atvinnu- og Félagsmálaráðuneytisins sem hefur unnið að réttindamálum fatlaðs fólks.

Framkvæmd og aðferð

Í maí 2014 var gerð könnun á þörf heyrnarskertra á rittúlkun. Markmiðið með könnuninni er að komast að því hversu mikil þörf er fyrir rittúlkun og einnig í hvaða félagslegum aðstæðum það er sem heyrnarskertir þyrftu helst að hafa rittúlkun. Ekkert eiginlegt úrtak var tekið heldur var reynt að ná til sem flestra sem glíma við vandamál tengd heyrn. Könnunin var send á félagsmenn allra félaga innan Öryrkjabandalags Íslands, félagsmenn í félagi eldri borgara, félagsmenn í Heyrnarhjálp ásamt því að einstaklingar dreifðu könnuninni, meðal annars í gegnum Facebook.

Samtals fengust gild svör frá 347 einstaklingum, þar af voru 180 sem glímdu við eitthvert vandamál tengt heyrn og 167 sem ekki glímdu við neitt vandamál tengt heyrn. Í ítarlegri úrvinnslu gagna verður að mestu leyti notast við svör þeirra sem glíma við vandamál tengd heyrn.

Framkvæmd og úrvinnsla könnunarinnar var á höndum Sólrúnar Sigvaldadóttur, MA nema í félagsfræði, fyrir hönd Heyrnarhjálp.

Bakgrunnsbreytur


Bakgrunnsbreytur í spurningalistakönnuninni voru þrjár, kyn, aldur og starf. Til upplýsinga birtast hér tíðnitöflur fyrir allar bakgrunnsbreyturnar.

Starf	Fjöldi	Hlutfall (%)
Afgreiðslustarf	14	4.10%
Eigin atvinnurekstur	15	4.30%
Skrifstofustarf	44	12.80%
Stjórnandi	30	8.70%
Bóndi/Sjómaður	3	0.90%
Faglært iðnaðarstarf	19	5.50%
Sérfræðingur	43	12.50%
Verkamaður	15	4.30%
Kennari	18	5.20%
Nemi	20	5.80%
Ellilífeyrisþegi	47	13.60%
Heimavinnandi	13	3.80%
Öryrki	31	9%
Atvinnulaus	6	1.70%
Annað	27	7.80%
Samtals	345	100%
Tóku afstöðu	345	99.40%
Tóku ekki afstöðu	2	0.60%
Samtals	347	100.00%

Kyn	Fjöldi	Hlutfall (%)
Karl	129	38.7%
Kona	204	61.3%
Samtals	333	100.0%
Tóku afstöðu	333	96.0%
Tóku ekki afstöðu	14	4.0%
Samtals	347	100.0%


Aldur	Fjöldi	Hlutfall (%)
Yngri en 18 ára	4	1.2%
18-29 ára	19	5.5%
30-39 ára	37	10.8%
40-49 ára	66	19.2%
50-59 ára	94	27.3%
60-69 ára	86	25.0%
Eldri en 69 ára	38	11.0%
Samtals	344	100.0%
Tóku afstöðu	344	99.1%
Tóku ekki afstöðu	3	0.9%
Samtals	347	100.0%

Á eitthvað af eftirfarandi við um þig?



	Fjöldi	Hlutfall (%)
Heyrnarleysi	14	4.1%
Heyrnarskerðing	103	29.9%
Eyrnasuð	51	14.8%
Völundarsvimi	10	2.9%
Nei ekkert	167	48.4%
Samtals	345	100.0%
Tóku afstöðu	345	99.4%
Tóku ekki afstöðu	2	0.6%
Samtals	347	100.0%


Notar þú hjálpartæki tengd heyrn?



	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já, nota heyrnartæki	80	23.70%
Já, er með kuðungsígræðslu	11	3.30%
Nei	247	73.10%
Samtals	338	100.0%
Tóku afstöðu	338	97.4%
Tóku ekki afstöðu	9	2.6%
Samtals	347	100.0%

* 52% svarenda hafa heyrnarleysi, heyrnarskerðingu, eyrnasuð eða völundarsvima en aðeins 27% nota hjálpartæki tengd heyrn.


Vissir þú hvað rittúlkun var áður en þú last textann í upphafi könnunarinnar?



■ Já


■ Nei

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já	135	39.20%
Nei	209	60.80%
Samtals	344	100.00%
Tóku afstöðu	334	99.10%
Tóku ekki afstöðu	3	0.90%
Samtals	347	100.00%



* Mjög stór hluti þeirra sem hafa einhverja heyrnarskerðingu vissu ekki hvað rittúlkun var áður en þeir tóku könnunina.

Hefur þú einhverntíman nýtt þér rittúlkun eða verið viðstaddur atburð þar sem rittúlkun fer fram?




	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já	72	21.10%
Nei	254	74.30%
Man ekki	16	4.70%
Samtals	342	100.00%
Tóku afstöðu	342	98.60%
Tóku ekki afstöðu	5	1.40%
Samtals	347	100.00%

Hvar hefur þú nýtt þér rittúlkun eða orðið vitni að henni?

Viðburður	Fjöldi
Í námi	18
Á fundi	16
Á ráðstefnu	14
Á fundi ÖBÍ	14
Á fundi hjá Heyrnarhjálp	8
Á námskeiði	2
Í vinnunni	2
Á kynningu	1
Í matarboði	1
Á starfsdögum í vinnunni	1
Fréttir RÚV	1
Menningarhúsi Kópavogs	1
Í kirkju	1
Internetinu	1


Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir nýta þér rittúlkun, ef hún væri í boði, við eftirfarandi aðstæður?

*Hér á eftir er eingöngu notast við svör frá þeim sem hafa heyrnarskerðingu af einhverju tagi.




Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir nýta þér rittúlkun, ef hún væri í boði, við eftirfarandi aðstæður?

Í Vinnu




Ólíklegt
Líklegt

Í námi



Ólíklegt
Líklegt


Við athafnir í kirkju



Ólíklegt
Líklegt


Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir nýta þér rittúlkun, ef hún væri í boði, við eftirfarandi aðstæður?

Á fundum og ráðstefnum




■ Ólíklegt
■ Líklegt

Í leikhúsi og öðrum menningartengdum viðburðum



■ Ólíklegt
■ Líklegt

Við aðra félagslega viðburði í daglegu lífi




■ Ólíklegt
■ Líklegt

Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir nýta þér rittúlkun, ef hún væri í boði, við eftirfarandi aðstæður?

* Hér að neðan sjást svör þeirra sem ekki hafa nein vandamál tengd heyrn. Mjög margir telja líklegt eða mjög líklegt að þeir myndu nýta sér rittúlkun þrátt fyrir að vera ekki með vandamál tengd heyrn.

Engin vandamál tengd heyrn



Getur þú nefnt dæmi um viðburð (sem ekki er nefndur hér að ofan) þar sem þú myndir vilja nýta þér rittúlkun?

Viðburður

Fasteignasölum

Í banka

Á starfsmannafundum

Á foreldrafundum

Fræðslufundir

Frambjóðendafundir

Heima

Í beinum útsendingum í sjónvarpi

Í lækniheimsóknum

Meðferð hjá SÁÁ

Geðmeðferð á Kleppi

Opinberum viðburðum


Í samskiptum við stjórnsýslu

Sjónvarpsefni

Símatúlkur

Þegar talað er á erlendu tungumáli

Þekkir þú Heyrnarhjálp?



	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já	212	65.20%
Nei	113	34.80%
Samtals	325	100.00%
Tóku afstöðu	325	93.70%
Tóku ekki afstöðu	22	6.30%
Samtals	347	100.00%

Samantekt á helstu niðurstöðum

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að töluvert þörf er fyrir rittúlkun á Íslandi. Talið er að hér á landi séu um 40.000 manns sem búa við einhverja heyrnarskerðingu eða önnur vandamál tengd heyrn. Þátttakendur í rannsókninni voru 347 einstaklingar af báðum kynjum og á öllum aldri.

Í ljós kom að um helmingur þátttakenda var með einhverskonar vandamál tengd heyrn en aðeins rúmlega fjórðungur notar heyrnatæki.

Rittúlkun virðist ekki vera mjög þekkt meðal heyrnarskertra þar sem aðeins 39% vissu hvað rittúlkun var áður en þeir tóku spurningakönnunina. Rittúlkun er því lausn sem þarf að kynna betur fyrir heyrnarskertum. Með því að koma rittúlkun betur á framfæri þá eru meiri líkur á því að heyrnarskertir nýti sér rittúlkun og einnig að fundir og aðrir viðburðir verði rittúlkaðir, í kjölfarið munu lífsgæði heyrnarskertra batna mikið.

Eins og áður kom fram var stór hluti þeirra sem eru með einhverskonar heyrnarskerðingu sem vissi ekki hvað rittúlkun er. Þess vegna getur verið mjög erfitt að áætla um þörf fyrir rittúlkun, þar sem tæplega er mikil eftirspurn eftir þjónustu sem fólk þekkir ekki.

Þegar þátttakendur eru spurðir hversu ólíklegt eða líklegt sé að þeir myndu nýta sér rittúlkun á ólíkum viðburðum kemur í ljós að á öllum viðburðunum er um helmingur þátttakenda sem telur líklegt að þeir nýti sér rittúlkun. Flestir segja líklegt að þeir myndu nýta sér rittúlkun í vinnunni en fæstir á fundum og ráðstefnum. Mjög margar góðar hugmyndir komu frá þátttakendum um viðburði í daglegu lífi þar sem fólk gætu þurft á rittúlkun að halda.

Niðurstöður rannsóknarinnar verður að telja sem mjög góða vísbendingu um að rittúlkun sé bæði æskileg og nauðsynleg. Einnig kemur í ljós að þeir sem ekki glíma við nein vandamál tengd heyrn telja margir líklegt eða mjög líklegt að þeir muni nýta sér rittúlkun. Það gefur því augaleið að rittúlkun getur nýst mjög stórum hópi fólks og langt út fyrir raðir heyrnarskertra. Þar af leiðandi er mikilvægt að fara af stað með öflugra kynningarstarfsemi á rittúlkun og koma því við að rittúlkun verði þekkt sem aðgengisleið fyrir heyrnarskerta að sem allra flestum viðburðum í daglegu lífi.